

Fundarnúmer:	529
Dagsetning:	11.02.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

529. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. febrúar 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starf í Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra. Sveinn Benónýsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi.
2. Fundargerð 750. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 24. janúar sl.
4. Bréf Landgræðslu ríkisins.
5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 29. janúar sl.
6. Bréf Siglingastofnunar Íslands.

Afgreiðslur

1. Sveinn Benónýsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi mætti til fundarins og gerði grein fyrir umsóknum um starf í Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra. Fjórar umsóknir bárust um starfið frá: Jónu Guðbjörgu Pétursdóttur, Jóhönnu Haraldsdóttur, Sonju Mjöll Eðvaldsdóttur og Brynjari M. Eðvaldssyni. Íþrótt- og tómstundafulltrúi leggur til að Jóna Guðbjörg Pétursdóttir verði ráðin í starfið og samþykkir byggðarráð það.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð 750. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal kynnti fundargerðina.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra.
4. Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins þar sem verkefnið Héraðsáætlanir Landgræðslunnar er kynnt, sveitarstjórnnum verður á vordögum boðið upp á formlega aðkomu að gerð héraðsáætlananna. Samþykkt að senda bréfið til kynningar hjá landbúnaðarráði Húnaþings vestra.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.
6. Lagt fram bréf Siglingastofnunar Íslands þar sem kynntur er undirbúningur að gerð nýrrar samgönguáætlunar fyrir tímabilið 2009-2020. Sækja þarf um ríkisframlög fyrir 15. mars n.k.

Samþykkt að taka á dagskrá.

7. Afsláttur af fasteignagjöldum aldraðra og öryrkja. Tillögu um afsláttinn er vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
8. Farið yfir tillögur frá Húnaþingi vestra til nefndar forsætisráðherra um atvinnu og samfélag á Norðurlandi vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:25.

Heimir Ágústsson (sign)

Elín R. Líndal (sign)

Guðný Helga Björnsdóttir (sign)

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson (sign).